



Skipulags- og samgönguráð

USK2017020044

28.06.2019

Bíla- og hjólastæðastefna – Tillögur um stýringu bílastæða

Settar eru fram tillögur um stýringu bílastæða í borgarlandi Reykjavíkur. Lagðar eru fram tvö konar verklagsreglur, annars vegar verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða og hins vegar verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða. Þá eru lagðar fram tillögur að gjaldskrárbreytingum (í fjórum liðum) sem taka mið af verklagsreglunum og byggja á gögnum um bílastæðanýtingu sem safnað var haustið 2018 og vorið 2019.

Um er að ræða tillögur stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum (erindisbréf samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 29. ágúst 2018). Hópurinn hefur þegar skilað af sér tillögu að reglum um fjölda bíla- og hjólastæða innan lóða, fyrir skipulagsgerð og við útgáfu byggingarleyfa (liður a í erindisbréfi). Reglurnar voru samþykktar í skipulags- og samgönguráði þann 19. desember 2018 og í borgarráði 10. janúar 2019.

F.h. stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum,

Lilja Sigurbjörg Harðardóttir